

Sæl kærur nemendur

Þeir nemendur sem eru með töskur, úlpur, peysur eða einhverja hluti á **Matgarði** og í **Norðukjallara** þá þarf allt að vera farið af báðum stöðum kl 16:00 í dag vegna þess að þarna er Skemmtó að undirbúa og gera allt kósý fyrir matinn á árs hátíðinni <3.

Póstur til þeirra sem er að fara á árs hátíð NFMH X Tæknó

Nemendur sem keyptu miða í matinn:

Það er mæting í matinn kl. 18:00. Tekið verður á móti gestum hjá starfsmannainnganginum/kennarainnganginum (undir skrifstofunni), en þar verður **öryggisgæsla frá Go Security. Það verður leitað í töskum gesta.**

Við minnum á að á öllum viðburðum NFMH **gilda skólareglur skólans**. Ef gestir verða uppvísir að broti á skólareglum verða viðurlög í samræmi við brot.

Góða skemmtun í matnum, það verða skemmtiatriði, frábær veislustjórn og dýrindis matur frá Óðni í Sómalíu.

Nemendur sem keyptu miða á ballið sem hefst kl. 22:00

Hvalasafnið er staðsett við Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík. Húsið opnar kl. 22:00. **Við hurðina og á ballinu verður öryggisgæsla frá Go Security, sem leitar á öllum gestum í upphafi balls (bæði töskuleit og líkamsleit).** Þetta er gert til þess að tryggja sem best öruggi gesta á samkomunni.

Nemendur geta kosið þá röð sem hentar þeim best, en það er hægt að velja um leit hjá konu eða karli. **Húsið lokar kl 23:00.**

Skólareglur gilda einnig á ballinu. Áfengi og önnur vímuefni eru bönnuð á öllum skólaskemmtunum, og ölvun ógildir miðann.

Ef þið hafið áhyggjur af samnemendum og öðrum samkomugestum, eða ef þið verðið fyrir einhverju áreiti eða ofbeldi sjálf **þá verður gæsla víða í húsinu.** Gæslufólk verður í **gulum vestum**. Það er einnig hægt að óska eftir því að spjalla beint við félagsmálafulltrúa MH, þær Önnu Eir og Þórunni.

Við mælum með að þið fáið foreldra / forsjáraðila til að sækja ykkur eftir ballið og / eða velja örugga leið heim eftir árs hátíðina.

Við minnum á að góð skemmtun er örugg og ofbeldislaus

Góða skemmtun < er sameiginlegt átak Neyðarlínunnar, Dómsmálaráðuneytisins og Ríkislögreglustjóra. Markmið þess er að minna almenning á hlutverk og þjónustu Neyðarlínunnar 112 og hvetja um leið til samstöðu gegn ofbeldi á skemmtunum.

Með áttakinu **Góða skemmtun** vill Neyðarlínan hvetja almenning til að:

- vera vakandi fyrir umhverfi sínu
- stuðla að öryggi í samskiptum
- virða mörk
- segja frá ef einhver þarf á aðstoð að halda

Með því að vera vakandi fyrir því sem er að gerast í kringum okkur getum við öll stuðlað að **góðri skemmtun** þar sem öll upplifa sig örugg fyrir kynferðislegu ofbeldi og áreitni.

Mælum með að nemendur sækji sér þetta app og hafi í símanum.

<https://www.112.is/112-appid>

Við hlökkum til að sjá ykkur öll í árshátíðarstuði í kvöld!

Þórunn og Anna Eir

Félagsmálafulltrúar